

Erindi til bæjarstjóra og bæjarstjórnar.

Góðan dag.

Til bæjarstjórnar og bæjarstjóra Fjarðabyggðar

Við eigendur Óseyrar Stöðvarfirði óskum eftir því að bréf í viðhengi, Andmæli við minnisblaði Sambands íslenskra sveitafélaga við ágangi búfjár, verði tekið til umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar.

Það er trú okkar eftir álit umboðsmanns Alþingis og nú síðast niðurstöðu Dómsmálaráðuneytisins í samskonar málum að þegar óskað verði eftir því að sveitafélagið smali burt ágangsfé af landi okkar muni það fara að lögum og bregðast hratt og vel við þeirri beiðni.

Bestu kveðjur,
Ívar Ingimarsson

*Vinsamlegast staðfestið móttöku bréfs.